

Stjórn Faxaflóahafna sf.

Tryggvagötu 17

101 Reykjavík

Bt. Kristín Soffía Jónsdóttir, stjórnarformaður

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Reykjavík 07.02.2019

Efni: Breytingartillaga að Hátíð hafsins

Sæl verið þið,

Hátíð hafsins verður haldin í 21. sinn, dagana 1. og 2. júní, á Grandagarðinum. Hátíðarsvæðið nær frá Hörpu, gegnum Gömlu höfnina, út á Grandagarð og að HB Granda. Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að framkvæmd Hátíðar hafsins og eru meginstoðir hátíðarinnar. Hátíðin samanstendur af Hafnardeginum og Sjómannadeginum og er haldinn í þeim tilgangi að gefa fjölskyldufólki tilefni til að heimsækja hafnarsvæðið í Reykjavík og kynnast störfum sjómanna. Tónlist, skemmtun og veitingastaðir á svæðinu gleða gesti og gangandi með ýmsu góðgæti.

Í byrjun febrúar hafði HB Grandi samband við Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð, þar sem fyrirtækið lýsti yfir áhuga á því að vera þriðja meginstoðin í hátíðinni. HB Grandi hefur undanfarin ár verið með sína eigin hátíð þessa helgi á sínu umráðasvæði. Með þessu fyrirkomulagi væri þrenningin kominn: *Höfn, sjómennska og útgerð*. Forsvarsmenn Faxaflóahafna og Sjómannadagsráðs fyrir hönd hátíðarinnar, tilkynntu HB Granda að ákvörðun þessi yrði að fara í gegnum stjórn fyrirtækjanna.

Stjórn Sjómannadagsráðs tóku vel í þessa tillögu HB Granda um virkara samstarf um hátíðarhöldin, sjá svar hér að neðan:

Sæl,

Ég kynniti málið fyrir stjórn Sjómannadagsráðs s.l. þriðjudag og tóku þeir tók vel í að taka upp virkara samstarf við HB Granda um hátíðarhöldin. Lögð var áhersla á að ef af þessu samstarfi verði, þá sé gerður um það samningur á milli okkar um framlag, áherslur og skiptingu verka.

Kveðja

Sigurður Garðarsson
Framkvæmdastjóri
Sjómannadagsráð höfuðborgarsvæðisins



Hvernig líst stjórn Faxaflóahafna á þessa hugmynd?

Kær kveðja,



Erna Kristjánsdóttir

Markaðs- og gæðastjóri